

J.S. Bach

Jólaóratórían

BWV 248, kantötur I–III og V



Lokatónleikar Listvinafélagsins í Reykjavík
Eldborg Hörpu sunnudaginn 29. desember 2024 kl. 17

J.S. Bach

Jólaóratórían

BWV 248, kantötur I-III og V



Flytjendur:

Herdís Anna Jónasdóttir sópran
Alex Potter kontratenór
Benedikt Kristjánsson tenór
Jóhann Kristinsson bassi

Mótettukórinn
Schola Cantorum
Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík
Tuomo Suni konsertmeistari

Stjórnandi: Benedikt Kristjánsson

Efnisskrá:

I. hluti Jauchzet, frohlocket, auf, preiset die Tage
II. hluti Und es waren Hirten in derselben Gegend

Hlé í 20 mínútur

III. hluti Herrscher des Himmels, erhöere das Lallen
V. hluti Ehre sei dir, Gott, gesungen
Lokasálmur úr VI. hluta Nun seid ihr wohl gerochen

Með þessum tónleikum vill Listvinafélagið ásamt Mótettukórnum,
Schola Cantorum og Alþjóðlegu barokksveitinni heiðra
Hörð Áskelsson fyrir ævistarf hans á vettvangi kirkjutónlistar á Íslandi.

Kæru tónleikagestir!

Gleðilega hátíð og verið innilega velkomin á þessa hátíðartónleika þegar Jólaóratórían eftir Johann Sebastian Bach hljómar á lokatónleikum Listvinafélagsins í flutningi afburðaflytjenda sem allir hafa tengst Listvinafélaginu sterkum böndum gegnum margra ára og áratuga farsælt samstarf.

Mótettukórinn er þar með lengsta sögu og starf hans samofið starfi Listvinafélagsins samfellt í 42 ár. Schola Cantorum hefur sömuleiðis auðgað starf félagsins í 28 ár og Alþjóðlega barokksveitin hélt sína fyrstu tónleika með flutningi Jólaóratóriunnar með Schola Cantorum jólin 2004 fyrir nákvæmlega 20 árum. Með tilkomu Alþjóðlegu barokksveitarinnar opnuðust áður óþekktir möguleikar í upprunaflutningi stórra barokkverka á Íslandi í samvinnu við færustu barokkhljóðfæraleikara víða að úr heiminum sem hafa síðan auðgað tónlistarlíf landsins. Það var Guðrún Hrund, dóttir okkar, sem lærði barokkvíóluleik í Den Haag í Hollandi, sem stóð að stofnun sveitarinnar ásamt Tuomi Suni barokkfiðluleikara frá Finnlandi og fleirum, en Tuomo hefur leitt barokksveitina frá upphafi. Einsöngvararnir hafa sömuleiðis komið fram á fjölmörgum stórkostlegum tónleikum á vegum Listvinafélagsins og Kirkjulistahátíðar eins og aðrir flytjendur hér í dag og er gleðilegt að Benedikt Kristjánsson sem nú er einn eftirsóttasti barokktenór heimsins í dag, og debúteraði sem guðspjallamaður árið 2011 á vegum Listvinafélagsins, sé nú bæði einsöngvari og stjórnandi þessara tónleika.

Af þeim 42 árum sem Listvinafélagið hefur starfað var Hallgrímskirkja í Reykjavík í 39 ár starfsvettvangur og sem annað heimili okkar fjölskyldunnar en sú mikla uppbygging sem átti sér stað frá því að Hörður tók við starfi kantors í þaklausri Hallgrímskirkju með engu nothæfu orgeli 28 ára gamall er ævintýri líkust, þegar horft er til baka. Það er okkar mikla gæfa að börnin okkar skyldu vera tilbúin að fylgja okkur í allar messurnar árið um kring og jafnvel tvisvar öll aðfangadagskvöld og líka sækja tónleika eða taka þátt með söng eða hljóðfæraleik og fylgja okkur á kóræfingar og orgelæfingar ásamt barnabörnum og tengdabörnum síðar. Við erum ótrúlega þakklát fyrir hvað starfið í kirkjunni var stór partur af falllegu lífi okkar og að hafa upplifað þar þá einstöku viðburði sem lokabyggingarstig og vígsla Hallgrímskirkju var og síðar undirbúningur og koma Klais-orgelsins. Það er dýrmætt að hafa einnig átt frábært samstarfsfólk

þar úr okkar nánustu fjölskyldu, en börnin okkar Inga og Áskell og Gunnar Andreas tengdasonur sáu m.a. um tónleikastjórn á Alþjóðlegu orgelsumri um árabil hvert fyrir sig ásamt fleirum og Vignir tengdasonur var aðalfagmaðurinn og hugmyndasmiðurinn að baki notkunar midi-búnaðarins sem settur var í Klais-orgelið við hreinsun þess 2012 og hefur einnig sungið með Schola Cantorum. Stórt tengslanet í gegnum stórfjölskyldu okkar og starf mitt sem sellóleikari hjálpaði einnig til við uppbyggingu hins mikla og metnaðarfulla listastarfs við kirkjuna í byrjun undir listrænni stjórn Harðar þrátt fyrir að litlir sem engir peningar væru til og náði listastarfið svo sannarlega að blómstra í samvinnu við fjölda stórkostlegra listamanna íslenskra sem erlendra, en mikill fjöldi þeirra gaf vinnu sína til kirkjubyggingarinnar og í söfnun fyrir Klais-orgelið en mikilvægur hluti af starfi Listvinafélagsins hefur ávallt verið að finna leiðir til að afla fjár og sækja um styrki til að geta haldið úti svo metnaðarfullu listastarfi sem raun ber vitni og kom söfnuðurinn líka að því eftir bestu getu, en þar hafa árgjöld tryggja listvina og mikilvægt sjálfbodaliðastarf skipt sköpum og skal það einlæglega þakkað hér.

Í Hallgrímskirkju áttu einnig báðir þessir frábæru kórar, Mótettukórinn og Schola Cantorum, heima í áratugi og skapaði kirkjan einstaka umgjörð um alla þá metnaðarfullu og fjölbreyttu listviðburði sem Listvinafélagið stóð fyrir þar. Síðastliðin 3 ár hefur Harpa tekið við og haldið stórkostlega vel utan um glæsilega stóra viðburði félagsins á hverju ári.

Það er gleðilegt að horfa til baka og fletta upp í öllum minningunum, sem aldrei verða frá okkur teknar, og eru hjörtu okkar full þakklætis fyrir allt það frábæra samstarfsfólk sem við höfum átt í listinni og þann fallega stuðning sem við höfum notið og fyrir allt það sem við höfum fengið að starfa við og byggja upp í íslensku menningarlífi.

Hjartans innilegustu þakkir til ykkar allra fyrir að upplifa þessa stóru stund með okkur í dag og megi himneskir hljómar Jólaóratóriunnar fylgja ykkur áfram um alla framtíð og þau fræ sem Listvinafélagið hefur sáð í íslenskri menningu áfram lífa!

SOLI DEO GLORIA

Inga Rós Ingólfssdóttir og Hörður Áskelsson

Jólaóratoría Bachs — nokkur aðfararorð

Eldsnemma að morgni jóladags árið 1734 streyma íbúar í Leipzig í Saxlandi inn í Nikulásarkirkjuna, aðra af aðalkirkjum borgarinnar, til morgunmessu. Klukkan er ekki nema sjö, en þeir allra trúræknustu og morgunbröttustu hafa þegar tekið þátt í morguntíðum tveimur klukkustundum fyrr. Fram undan er hátíðarmessa sem mun að líkindum standa yfir til hátt í ellefu. Eigum við ekki að ætla að það sé nokkuð kalt í veðri og sennilega er ekki mikið hlýrra inni í kirkjunni. Það er enn kolniðamyrkur og kirkjuskipið því lýst upp með miklum fjölda kertaljósa. Háir sem lágir, ungir sem aldnir eru vafalaust í hátíðarskapi, en eitthvað segir manni að ekki séu allir búnir að nudda stírnar úr augunum.

Messan hefst á sálminum Puer natus in Bethlehem (sem Íslendingar hafa um aldir sungið sem Oss barn er fætt í Betlehem og hefur vafalaust verið kyrjað í ófáum kirkjum þessi sömu jól hér á landi). Síðan hljómar orgelforspil og þar á eftir mótetta í flutningi kórsins. Söngvararnir eru sumir hverjir ekki ýkja háir í loftinu enda þeir yngstu ekki nema níu eða tíu ára gamlir. Allir eru þeir nemendur í Tómasarskólanum sem sér kirkjum borgarinnar fyrir kórsöngvurum. Hljómsveitin, sem brátt mun láta til sín taka, er líka skipuð skólastrákum og stúdentum fyrir utan þá fáu atvinnutónlistarmenn sem eru í þjónustu borgar og kirkju.

Nú er klukkan hálfátta og komið að þeim lið guðspjónustunnar sem mest reynir á hina óhörðnuðu ungu tónlistarmenn: Kantata jóladags er í uppsiglingu. Skyndilega dynur í pákum, flautur svara vakningarkallinu, óbó bætast í hópinn, svo strengir og loks gjallandi trompetar. Ef einhverjum kirkjugestinum hefur tekist að dorma fram að þessari stund bindur hinn þróttmikli hljómsveitarinnangangur eflaust enda á blundinn. Síðan á fyrsta aðventusunnudegi hefur enginn hljóðfæraleikur hljómað í kirkjunni og það magnar enn áhrif þessa glæsilega upphafs. Brátt bætist kórin í leikinn: „Jauchzet! Frohlocket! Auf, preiset die Tage,“ syngja strákarnir. „Fagnid! Gleðjst! Vegsamið dagana.“

Jólaóratórían er hafin! Johann Sebastian Bach er á fimmtugasta aldursári og hefur gegnt stöðu Tómasarkantors og tónlistarstjóra borgarinnar í rúman áratug. Á þessum tíma hefur hann samið nokkur hundruð kantötur fyrir alla helgidaga kirkjuársins og á því úr drjúgu safni að móða þegar hann velur tónlist fyrir messurnar. Nú fannst honum þó vera kominn tími til að brydda upp á nýjung í helgihaldinu. Kirkjugestir urðu varir við það um leið og þeir komu til kirkju og fengu afhentan bækling með söngtexta í sex hlutum, einum fyrir hvern messudag hátíðanna, þar sem atburðir jólanna eru raktir. Það voru reyndar fordæmi fyrir slíkum „framhaldssögum“ í kirkjutónlistinni, bæði í Leipzig og eins í Lübeck hjá Dieterich Buxtehude, sem



Bach lærði ýmislegt af, en aldrei hefur jólasagan verið sögð á jafn tignarlega margslunginn hátt í tónum og í þessu sexskipta verki, sem höfundurinn kallar Weihnachts-Oratorium. Hinir prúðbúnu Leipzig-búar sem sitja í hörðum trébekkjum Nikulásarkirkju þennan morgun ættu líklega erfitt með að trúa því að tæpum þremur öldum síðar sitji prúðbúnir tónleikagestir í mun þægilegri sætum í glæsilegum tónleikasal norður á Íslandi að hlusta á þessa sömu tónlist.

Jólaóratoría Bachs er sem sé sett saman úr sex hlutum eða kantötum sem samdar voru með sérstakan flutningsdag í huga og inniheldur hver þeirra sinn hluta frásagnarinnar af fæðingu Jesú Krists. Fyrstu þrír hlutarnir eru ætlaðir til flutnings á fyrstu þremur jóladögum (það var þriheilagt á stórhátíðum kirkjuársins á þessum tíma og messað þrjá daga í röð) og þeir mynda afmarkaða heild. Þeir geyma hið eiginlega jólaguðspjall þar sem sagt er frá atburðum jólanæturinnar. Fjórði hlutinn var skrifaður fyrir nýársdag og hverfist um nafn frelsarans, enda segir frá umskurði og nafngift Jesú í guðspjalli fyrsta dags ársins. Sú kantata er ekki flutt á þessum

tónleikum. Í síðustu tveimur hlutum, fyrir sunnudag eftir nýár og þrettánda dag jóla, er augum beint að vitringunum frá Austurlöndum og hinum grimma Heródesi. Við heyrum fimmtu kantötuna í dag en aðeins hinn glæsilega lokasálm úr sjöttu og síðustu kantötunni.

Þótt Bach hafi gætt þess að hver hluti óratóriunnar gæti staðið sem sjálfstæð eining, eins og hver önnur kantata sem hann flutti í messum, lagði hann einnig mikla áherslu á að búa verkinu sterkt heildarform. Þar skiptir tóntegundaval og hljóðfæraskipan hvað mestu máli. Grunntóntegund Jólaóratóriunnar er D-dúr. Það kom eiginlega af sjálfu sér því það var þægilegasta tóntegundin fyrir náttúrutrompetana sem notaðir voru í Leipzig (frumstæðari fyrirrennarar nútímatrompets án ventla) en þeir voru ómissandi þáttur gleðiríkrar hátíðartónlistar. Bach kallar á þrjá trompeta og pákur í 1., 3. og 6. hluta óratóriunnar og rammar þannig inn bæði fyrri hluta verksins og verkið í heild. Annar hlutinn er í G-dúr og sá fimmti í A-dúr en báðar þessar tóntegundir eru mjög skyldar D-dúr. Fjórði hlutinn hefur hins vegar sérstöðu en þar bregður Bach sér í F-dúr og fyrirskrifar tvö horn sem ekki koma fyrir annars staðar í óratóriunni. Þetta er í samræmi við innihald kantötunnar (nafngift Jesú), sem stendur eilítið til hliðar við umfjöllunarefni hinna hlutanna.

Það á við um Jólaóratóríuna eins og um kantötur og passíur Bachs að söngtexti verksins er af þrennu tagi: biblíuvers, sálmerindi og frumsaminn texti. Söguþráður óratóriunnar er tekinn orðréttur úr Nýja testamentinu og það eru þeir Lúkas og Matteus sem segja frá. Sálmerindin sem koma fyrir í verkinu eru öll úr sálum sem ortir voru um miðja sautjándu öld, nema hvað sígildir jólasálmar Martins Luthers, Vom Himmel hoch, da komm ich her (Af himnum ofan boðskap ber) og Gelobet seist du, Jesu Christ (Heiðra skulum vér herrann Krist), fá að fljóta með. Ekki er vitað með vissu hver það var sem skrifaði frumsaminn texta Jólaóratóriunnar, sem sunginn er í resitátívum (sönglesum), aríum og kórum, en öll bönd berast að nánnum samstarfsmanni Bachs að nafni Christian Friedrich Henrici, eða Picander eins og hann kaus að kalla sig þegar hann var í skáldaham. Þar kemur ekki síst til sú staðreynd að hann var einkar laginn við einmitt þá

grein skáldskaparlistarinnar sem Bach þurfti á að halda í Jónaóratóriunni, það er að segja að semja nýjan texta í stað gamals. Megnið af arium og kórum Jónaóratóriunnar hafði nefnilega hljómað áður í öðrum verkum við annan texta. Meira um það hér aðeins síðar en athugum fyrst þær formgerðir sem á vegi okkar verða í Jónaóratóriunni.

Fimm af kantötunum sex hefjast á glæsilegum upphafskór þar sem hljómsveitin leikur forspil og millispil, skipuð öllum þeim hljóðfærum sem koma fyrir í hverri kantötu fyrir sig. Þessir kórkaflar eru óviðjafnanlegir að allri gerð og gefa skýran og markvissan tón fyrir það sem koma skal í kantötunni. Annar hluti óratóriunnar hefst hins vegar á eina hljómsveitarkafla verksins, yndislegu hjarðljóði sem kynnir söguvið þeirrar kantötu, þ.e. Betlehemsvelli, þar sem hirðar munu brátt fá óvænta heimsókn af himnum ofan. Til að auka sveitablæ tónlistarinnar notar Bach hér hvorki fleiri né færri en fjögur óbó, tvö ástaróbó og tvö veiðióbó. Albert Schweitzer heyrði fyrir sér samtal engla og hirða í víxl- og samleik strengja og flauta annars vegar og óbóanna hins vegar í þessum fræga kafla.

Kórinn gegnir margslungnu hlutverki í Jónaóratóriunni eins og í passíum Bachs. Auk þess að slá tóninn í upphafi bregða kórsöngvararnir sér í hlutverk ýmissa hópa sem fyrir koma í frásögninni í svokölluðum turba-kórum. Undir lok annars hlutans spretta þannig fram vængir á þeim og þeir syngja í orðastað himneskra hersveita: „Ehre sei Gott in der Höhe“ (Dýrð sé Guði í upphæðum). Seinna í verkinu setja þeir sig í spor hirðanna og enn síðar eru þeir vitringar að leita að hinum nýfædda konungi Gyðinga. Það fellur einnig í hlut kórsins að syngja sálma eða kórala óratóriunnar, vel á annan tug kafla. Bach raddsetur þessi einföldu gömlu sálmalög með mikilli tilfinningu fyrir inntaki textans. Í lok fjögurra af kantötunum er að finna íburðarmeiri kórala þar sem hljómsveitin fær frjálst hlutverk og leikur millispil. Þótt kóralarnir láti margir hverjir ekki mikið yfir sér í samanburði við aðra kafla verksins eru þeir afar mikilvægir og alveg ómissandi hlekkir í keðjunni. Það er í þeim sem rödd safnaðarins hljómar. Ekki er vitað hvort það var venja á tímum Bachs að kirkjugestir tækju undir með kórnum í sálmisöngnum í kirkjutónverkum en óhætt er að fullyrða að jafnvel þótt þeir hafi ekki sungið fullum hálsi þá hafi þeir í það minnsta raulað með í hjarta sínu, svo þekktir voru þessir sálmar hverju mannsbarni.

Snúum okkur að hlutverkum einsöngvaranna. Texti guðspjallamannsins er samkvæmt hefðinni sunginn af tenór í resítatívm þar sem einungis basso continuo eða fylgibassi (selló/kontrabassi/fagott og orgel/semball) leikur með söngvaranum. Slíkir kaflar eru nefndir secco eða „þurr“ resítatív. Önnur söngles óratóriunnar eru af svokallaðri accompagnato-gerð, þar sem hin ýmsu hljóðfæri styðja framsögn söngvarans. Bach notast við þessar tvær gerðir sönglesa til að varpa ljósi á eðlismun texta þeirra. Framlag guðspjallamannsins færir frásögnina áfram en sönglesin með frumsömdum texta eru áningarstaðir þar sem söngvararnir staldra við, velta atburðum sögunnar fyrir sér og bregðast við þeim.

Ariur Jónaóratóriunnar, tólf að tölu, skiptast jafnt á milli kantatanna og eru flestar í ítölskum þrískiptum da capo stíl, þar sem fyrsti hluti kaflans er endurtekinn að miðhlutanum loknum (þá er sem sé byrjað aftur frá byrjun, da capo). Frjálsu resítatívin eru einhvers konar útlekking á guðspjallinu, eða örpredikanir, og



niðurstaða og inntak þeirra verður oft kveikjan að umfjöllunarefni arianna. Hinn kristni einstaklingur hugleiðir stöðu sína út frá boðskap guðspjallsins. Í ariunum eru hljóðfærin ekki einungis notuð til stuðnings eins og í accompagnato-sönglesunum heldur leika þau í raun jafn stór hlutverk og söngvararnir og eru í stöðugu samspili við þá.

Hér að ofan var að því ýjað að tónlistin í Jónaóratóriunni hefði ekki verið alveg ný af nálinni þegar hún hljómaði í Leipzig jólin 1734–35. Staðreyndin er nefnilega sú að flestir kórar verksins og allar ariur að einni undanskilinni (Schließe, mein Herze, nr. 31) höfðu hljómað í öðrum verkum eftir Bach, og það sem meira er, rúmur helmingur þessara kafla átti rætur sínar að rekja til veraldlegra kantata. Ef til vill hefur suma kirkjugesti í fyrrnefndri messu í Nikulásarkirkjunni á jóladag 1734 rámað í að hafa áður heyrt hinn glæsilega upphafskór Jónaóratóriunnar í kantötu sem flutt var rúmu ári fyrr, þann 8. desember 1733, í tilefni af afmælisdegi Maríu Jóséfu, kjörfurstafrúar Saxlands og drottningar Póllands. Líklega hafa þeir þó ekki kippt sér mikið upp við það, enda var alvanalegt að tónskáld nýttu tónlist sína og jafnvel annarra, ef því var að skipta, í ýmsum gerðum og við fleiri en eitt tækifæri.

Bach var á þessum tíma á höttunum eftir viðurkenningu og stuðningi kjörfurstans, Friðriks Ágústs II. (sem hét Ágúst III. þegar hann setti á sig konungskórónu Póllands) og taldi að hirðtitill myndi styrkja hann í stöðugri baráttu hans við yfirvöld í Leipzig varðandi aðbúnað tónlistarinnar í borginni. Hann lét því fáa merkisdaga í lífi kjörfurstafjölskyldunnar fram hjá sér fara og var iðinn við að hylla hana með tónlist. Alls má rekja ellefu kafla í Jónaóratóriunni til þriggja kantata sem urðu til af þessu tilefni (BWV 213–215). Aðrir endurunnir kaflar verksins áttu sér fyrirmyndir sem ekki hafa varðveist.

Það kann að virðast furðulegt að upphafin og hátíðleg tónlist Jónaóratóriunnar skuli að hluta hafa verið sótt í veraldleg tónverk sem samin voru, að nokkru leyti, sem liður í langvinnri kjarabaráttu. Sumum þykir þessi tilhugsun óþægileg og þeirri kenningu hefur verið varpað fram að Bach hafi verið búinn að ákveða að semja Jónaóratóriuna og hafi haft hana í huga þegar hyllingarkantöturnar urðu til. Það er auðvitað ein leið til að skýra uppsprettu innblásinna hugmynda í þessum glæsilegu verkum en kann líka að skyggja á þá staðreynd að Johann Sebastian Bach lagði alla kunnáttu sína, metnað og andagift í hvert einasta verk sem hann setti á blað, hvort sem um var að ræða veraldlega eða andlega tónlist, stórt verk eða lítið. Tónlistarhæfileikar voru í hans huga guðsgjöf sem bar að fara vel með. Það vantar vissulega ekki hástemmt lofið kjörfurstanum og hans fólki til handa í texta hyllingarkantatanna, en þegar handrit Bachs að þessum verkum eru gaumgæfð má sjá skammstöfunina JJ (Jesu juva; Jesú, hjálpa þú mér) efst á blaði og í lok þeirra hefur Bach, líkt og í mörgum öðrum handritum, skrifað SDG, sem útleggst Soli Deo Gloria; Guði einum sé dýrð.

Halldór Hauksson

Hörður Áskelsson er einn af fremstu og áhrifamestu tónlistarmönnum Íslendinga. Hann hefur verið í fararbroddi í íslensku tónlistarlífi um fjögurra áratuga skeið sem orgelleikari, kórstjóri og listrænn stjórnandi. Brautryðjendastarf hans sem tónlistarstjóri Hallgrímskirkju vakti mikla athygli innan lands sem utan fyrir fjölbreytni og nýsköpun og átti þátt í að gera kirkjuna að einni af þekktustu og mest sóttu byggingum og listamiðstöðvum landsins.

Hörður Áskelsson var organisti og kantor Hallgrímskirkju í 39 ár frá 1982 til 2021. Hann flutti heim til Íslands eftir að hafa stundað kirkjutónlistarnám í Düsseldorf í Þýskalandi sem hann lauk með hæstu einkunn vorið 1981. Hann gegndi lykilhlutverki við uppbyggingu listalífs í Hallgrímskirkju og við val á Klais-orgeli kirkjunnar. Hann stóð að stofnun Listvínafélags Hallgrímskirkju (sem nú nefnist Listvínafélagið í Reykjavík), Kirkjulistahátíðar, Alþjóðlegs orgelsumars í Hallgrímskirkju og Sálmafoss á Menningarnótt.

Árið 1982 stofnaði Hörður Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola Cantorum árið 1996. Báðir hafa kórarnir verið í fremstu röð íslenskra kóra. Með þeim hefur hann flutt flest helstu kórverk sögunnar, bæði með og án undirleiks. Þá hefur hann stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað fyrir hann.

Hörður hefur ásamt kórum sínum tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum og tónlistarkeppnum á alþjóðlegum vettvangi og unnið til fjölmargra verðlauna. Hörður hefur haldið tónleika í mörgum stærstu kirkjum Evrópu, bæði sem kórstjóri og organisti, m.a. í Kölnardómkirkju, Notre-Dame og Saint-Sulpice í París, og dómkirkjunum í Frankfurt, Brussel, Helsinki og Basel.

Tónlistarflutningur Harðar hefur oft sinnið verið tekinn upp fyrir sjónvarp og útvarp og verið gefinn út á geislaplötum sem hafa hlotið frábæra dóma í íslenskum og erlendum blöðum. Hörður hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þar á meðal Íslensku tónlistarverðlaunin sem tónlistarflytjandi ársins 2001 og Menningarverðlaun DV árið 2002, riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann útnefndur borgarlistamaður Reykjavíkur árið 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalds í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011. Í mars 2022 hlaut Hörður Íslensku tónlistarverðlaunin fyrir árið 2021 með Mótettukórnum í flokki hópa sem flytjandi ársins á sviði sígildrar tónlistar og samtímatónlistar og í apríl sama ár hlaut hann Liljuna, viðurkenningu Þjóðkirkjunnar, fyrir ævistarf sitt sem kantor Hallgrímskirkju í Reykjavík og fyrir hið mikla tónlistar- og frumkvöðlastarf sitt í kirkjunni. Hörður hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2024. Hörður Áskelsson og Inga Rós Ingólfssdóttir eiginkona hans voru útnefnd heiðursfélagar Félags íslenskra tónlistarmanna á aðalfundi félagsins í maí 2024 fyrir störf sín að tónlistarmálum á Íslandi.



Hörður Áskelsson





Mótettukórinn

Mótettukórinn var stofnaður árið 1982 og hefur lengi verið meðal fremstu kóra landsins. Hann var upphaflega stofnaður sem kirkjukór Hallgrímskirkju en hefur frá árinu 2021 starfað á eigin vegum. Hörður Áskelsson var stofnandi kórsins og stjórnandi allt frá upphafi til ársins 2023. Síðan hefur kórinn notið leiðsagnar Bjarna Frímanns Bjarnasonar, Benedikts Kristjánssonar og Stefans Sand.

Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur og má þar finna fjölmargar óratóríur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir, sungið í helstu dómkirkjum Evrópu og tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Björgvin, Norrænu kirkjutónlistarhátíðina í Gautaborg og Wiener Festwochen í Vínarborg.

Kórinn hefur einnig tekið þátt í erlendum kórakeppnum. Hann vann til verðlauna í Alþjóðlegu kórakeppninni í Cork á Írlandi árið 1996 og í september 2014 vann kórinn til þriggja gullverðlauna í keppninni Cançó Mediterrània á Spáni þar sem kórinn vann einnig Grand Prix-verðlaun sem besti kór keppinnar.

Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt má nefna Messías eftir Georg Friedrich Händel, Matteuspassíuna, Jóhannespassíuna, Jónaóratóríuna og H-moll-messuna eftir Bach, Sálumessu og Messu í c-moll eftir Mozart, sálumessur eftir Duruflé og Fauré, óratóríurnar Elía og Pál postula eftir Mendelssohn, Vesper eftir Rachmaninoff, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og Þýska sálumessu eftir Johannes Brahms.

Kórinn hefur þrisvar verið tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem flytjandi ársins í flokki sígildrar tónlistar, árið 2012 fyrir flutning á 9. sínfóníu Beethovens, árið 2015 fyrir flutning á óratóríunni Salómon eftir Händel á Kirkjulistahátíð, og seinast árið 2021 þegar hann hlaut verðlaunin fyrir túlkun sína á Jónaóratóríu Bachs í Hörpu. Upptaka frá þeim tónleikum var flutt í jólaútarpsdagskrá bresku útvarpsstöðvarinnar BBC3 í desember 2022. Kórinn kemur reglulega fram með Sínfóníuhljómsveit Íslands og hefur einnig haldið fjölmarga rómaða tónleika með Alþjóðlegu barokksveitinni í Reykjavík (áður Den Haag).

Mótettukórinn hefur gefið út mikið af efni og hlaut lof erlendra gagnrýnenda fyrir hljóðritun sína á Sálumessu eftir Maurice Duruflé og Passíu eftir Hafliða Hallgrímsson. Þá hafa komið út plötur hjá sænska útgáfufyrirtækinu BIS þar sem kórinn flytur verk eftir Jón Leifs með Sínfóníuhljómsveit Íslands. Jólaplötur Mótettukórsins hafa notið mikilla vinsælda enda eru árlegir jólatónleikar kórsins ómissandi þáttur í tónlistarlífi Reykjavíkur á aðventunni. Nálga má nánast allt útgefið efni kórsins á streymisveitunni Spotify.



Schola Cantorum

Kammerkórinn Schola Cantorum hefur verið mikilvirkur flytjandi tónlistar undir stjórn Harðar Áskelssonar í tæp 30 ár. Kórinn hefur á þessum árum komið víða við en látið hvað mest að sér kveða í flutningi barokktónlistar og tónlistar frá 20. og 21. öld.

Hópurinn hefur frumflutt verk eftir fjölda tónskálda og lagt áherslu á reglulegt tónleikahald og hljóðritanir. Schola Cantorum hefur unnið með fjölmörgum listamönnum og hópum við tónleikahald og upptökur fyrir geislaflötur, sjónvarp og kvikmyndir. Má þar nefna Sinfóníuhljómsveit Íslands, Alþjóðlegu barokksveitina í Reykjavík, Björk, Sigur Rós, Wildbirds & Peacedrums, Hjaltalín, Tim Hecker, Ben Frost, Jóhann Jóhannsson og Kjartan Sveinsson. Þá söng kórinn tónlist Bears McCreary á upptökum fyrir tölvuleikinn God of War sem Sony gaf út árið 2018 og hlaut BAFTA-verðlaunin fyrir.

Schola Cantorum heldur reglulega tónleika erlendis og hefur hópurinn komið fram á virtum og vel sóttum tónlistarhátíðum, svo sem á Reykjavík Festival í boði Filharmóníuhljómsveitar Los Angeles-borgar í Walt Disney Concert Hall árið 2017 og á tónlistarhátíðinni Culturescapes í Sviss árið 2015.

Kórinn hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og unnið til verðlauna í keppnum í Frakklandi og á Ítalíu. Þá var kórinn

tilnefndur til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs árið 2007 og var valinn tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2006. Schola Cantorum var útnefndur tónlistarflytjandi ársins í flokki sígildrar tónlistar og samtímatónlistar á Íslensku tónlistarverðlauninum árið 2017. Schola Cantorum hefur sent frá sér marga geisladiska. Tveir diskar með titlinum Meditatio hafa komið út á vegum BIS og hlotið afar lofsamlega umfjöllun víða um heim. Söngur Schola Cantorum hljómar jafnframt á fleiri diskum frá BIS í heildarútgáfu fyrirtækisins á hljómsveitar- og kórverkum Jóns Leifs.

Schola Cantorum tók þátt í frumflutningi óratóríunnar The Gospel of Mary eftir Huga Guðmundsson undir stjórn Harðar Áskelssonar. Verkið var frumflutt í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélagsins á Listahátíð í Reykjavík í júní 2022 og var einnig flutt sama ár á KLANG tónlistarhátíðinni í Kaupmannahöfn og Alþjóðlegu kirkjutónlistarhátíðinni í Osló og hljóðritað.

Seinustu tónleikar Listvinafélagsins sem Schola Cantorum kom fram á var rómaður flutningur á Mariúvesper eftir Claudio Monteverdi á síðasta ári í Eldborg Hörpu undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar.

Alþjóðlegu barokksveitin í Reykjavík (áður Hallgrímskirkju/Den Haag) er skipuð úrvals hljóðfæraleikurum víðs vegar að úr heiminum, en meðlimir sveitarinnar eiga það flestir sameiginlegt að hafa numið við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi sem er leiðandi í kennslu á barokkhljóðfæri. Að námi loknu hafa meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar haslað sér völl sem eftirsóttir hljóðfæraleikarar og leika nú reglulega með mörgum af helstu upprunasveitum heims undir stjórn nafntogaðra stjórnenda. Má þar nefna hljómsveitir á borð við Les Arts Florissants, Amsterdam Baroque Orchestra, Bach Collegium Japan, Orchestra of the Age of Enlightenment, Collegium Vocale Gent og stjórnendur á borð við William Christie, Ton Koopman, Masaaki Suzuki og Philippe Herreweghe.

Meðlimir Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík hafa verið tíðir gestir á Íslandi frá því að þeir komu fyrst til að taka þátt í flutningi á Jólaóratóríu Bachs á Jólatónlistarhátíð Hallgrímskirkju árið 2004 og aftur 2005. Sveitin kom fram á Kirkjulistahátíðum 2005, 2007, 2015 og 2019, lék á 30 ára afmælistónleikum Mótettukórsins og 30 ára vígsluafmælistónleikum Hallgrímskirkju. Alþjóðlegu barokksveitin kom fram í Eldborg Hörpu ásamt Mótettukórnum undir stjórn Harðar Áskelssonar í flutningi Jólaóratóríunnar í nóvember 2021 og í flutningi Messíasar í nóvember 2022. Hljómsveitin hefur undantekningarlaust fengið frábæra dóma fyrir leik sinn og hefur átt ómetanlegan þátt í að kynna flutningsmáta upprunastefnu og hljóðfæri barokktímans hér á landi. Um þriðjungur hljómsveitarinnar eru nú íslenskir hljóðfæraleikarar sem hafa sérhæft sig í flutningi barokktónlistar.

Konsertmeistari Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík er finnski fiðluleikarinn Tuomo Suni.

Alþjóðlegu barokksveitin í Reykjavík



Herdís Anna Jónasdóttir sópran

Herdís Anna Jónasdóttir lærði á fiðlu, píanó og söng frá unga aldri við Tónlistarskólann á Ísafirði. Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði stundaði hún framhaldsnám við Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur. Þaðan útskrifaðist hún með Bachelor-gráðu í söng og hélt til Berlínar. Við Hanns-Eisler tónlistarháskólann lærði hún hjá Brendu Mitchell og Önnu Samuil, en sótti einnig tíma hjá Juliu Varady og Wolfram Rieger. Hún lauk prófi þaðan árið 2012 með ágætiseinkunn og var þá ráðin að óperustúdíóinu við Zürich-óperuna þar sem hún vann til að mynda með Fabio Luisi og Brigitte Fassbaender.

Herdís hefur tekið þátt í fjölmörgum óperuuppfærslum í Þýskalandi, Íslandi og Sviss. Meðal helstu hlutverka hennar eru Violetta í La traviata, Adina í Ástardrykknum, Adele í Leðurblökunni, Zerlina í Don Giovanni, Maria í West Side Story, Eliza í My Fair lady, Oscar í Grímudansleiknum, Musetta í La bohème og Violetta í La traviata sem hún söng í Íslensku óperunni 2019 og hlaut Grímuverðlaunin fyrir sem söngvari ársins.

Herdís hefur einnig margsinnis komið fram á tónleikum, s.s. með Kammersveit Reykjavíkur, á Carl-Orff tónlistarhátíðinni, með Saarlensku ríkishljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra í Ástralíu.

Herdís var valin söngkona ársins í Saarbrücken árið 2016. Þá hefur hún tvívegis verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna (Söngkona ársins 2012 og Bjartasta vonin 2011), komist í úrslit í Riccardo Zandonai keppninni 2012 og hlotið ýmsa styrki. Árin 2014–2018 var hún fastráðin sem einsöngvari við Ríkisóperuna í Saarbrücken, Þýskalandi.

Herdís hefur oft komið fram sem einsöngvari með Mótettukórnum. Hún tók þátt í frumflutningi verksins Mysterium eftir Hafliða Hallgrímsson á Kirkjulistahátíð í júní 2019, söng í Messíasi eftir Händel með kórnum í desember það ár og söng í Jónaóratóriunni í Hörpu fyrir jólin 2021. Herdís var félagi í Mótettukórnum um skeið á námsárum sínum.



Alex Potter kontratenór



Alex Potter frá Englandi er einn af fremstu kontratenórum heims. Hann kemur reglulega fram í öllum helstu tónleikahúsum veraldar með fremstu barokkflytjendum heims og söng m.a. í H-moll messu og Matteuspassíunni eftir Bach í tilefni af 100 ára afmæli hins virta Bachfélags í Hollandi árið 2021. Hann hefur unnið með stjórnendum á borð við Hans-Christoph Rademann, John Butt, Lars Ulrik Mortensen, Jordi Savall, Stephan MacLeod, Justin Doyle og Jos van Veldhoven. Bach og Händel eru fyrirferðarmiklir í efnisskrá Potters, en hann leggur sig einnig eftir því að syngja í verkum eftir minna þekkt tónskáld á tónleikum þar sem hann stjórnar sjálfur flutningi.

Alex Potter hefur sungið inn á yfir fimmtíu geisladiska og hefur gefið út sex diska undir eigin nafni. Hann syngur m.a. á nýlegri hljóðritun á kantötum eftir Bach með Collegium Vocale Gent og Philippe Herreweghe og á verðlaunaðri hljóðritun á Messíasi með English Concert og John Nelson. Nýjasti sólódiskur hans með tónlist eftir Vivaldi, Caldara og Lotti kom út á síðasta ári og hlaut frábæra dóma.

Potter hóf tónlistarferil sinn sem kórdrangur við Southwark Cathedral í London. Hann nam síðar við New College í Oxford og Schola Cantorum í Basel þar sem Gerd Türk og Evelyn Tubb voru kennarar hans.

Alex Potter kemur nú fram í fjórða sinn á vegum Listvinafélagsins en hann hefur áður verið einsöngvari í Jónaóratóriunni og Messíasi í Hörpu og í H-moll messu Bachs í tilefni af 35 ára afmæli Mótettukórsins og Listvinafélagsins í Hallgrímskirkju árið 2017.



Tuomo Suni konsertmeisteri

Finnski fiðluleikarinn Tuomo Suni hóf að leika á fiðlu fjögurra ára gamall. Frá árinu 1996 hefur hann sérhæft sig í barokkfiðluleik, fyrst heima í Finnlandi undir handleiðslu Kreetu-Mariu Kentala og síðar í Konunglega tónlistarháskólanum í Den Haag í Hollandi þar sem hann nam hjá Enrico Gatti. Hann útskrifaðist þaðan með meistaragráðu í barokkfiðluleik árið 2005. Síðan þá hefur Suni komið víða við í barokktónlistarheiminum og leikið með fjölmörgum alþjóðlega þekktum hljómsveitum og kammerhópum. Hann hefur komið fram og hljóðritað með sveitum á borð við Opera Quarta, Ensemble Masques, Capriccio Stravagante, Ricercar Consort, Holland Baroque Society, Gabrieli Consort & Players, Les Muffatt og The King's Consort.

Tvisvar hafa hljóðritanir sem Tuomo Suni tók þátt í hlotið hina virtu frönsku Diapason d'Or viðurkenningu, annars vegar plata sveitarinnar Opera Quarta með tríósönötum eftir Leclair árið 2007, og hins vegar plata Ensemble Masques með verkum eftir austurríska 17. aldar tónskáldið Romanus Weichlein árið 2015. Suni er leiðari sveitarinnar Vox Luminis, leiðari annarrar fiðlu í sveitinni The English Concert, og leikur reglulega með Barokksveitinni í Helsinki, The Early Opera Company, Dunedin Consort og Bach Collegium Japan.

Tuomo Suni hefur um árabíl átt einstaklega farsælt samstarf við Hörð Áskelsson sem konsertmeisteri Alþjóðlegu barokksveitarinnar í Reykjavík.

Jóhann Kristinsson bassi

Barítónsöngvarinn Jóhann Kristinsson hefur unnið til fjölmargra verðlauna. Á þessu ári hlaut hann Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngvari ársins í flokki sígildrar og samtímatónlistar en hafði áður verið valinn bjartasta vonin í sama flokki. Hann vann hina virtu söngkeppni „Stella Maris“, þar sem hann hlaut einnig dómnefndarverðlaun Wiener Musikverein, auk þess sem hann hlaut þriðja sæti og áheyrendaverðlaun alþjóðlegu söngkeppninnar „Das Lied“ í Heidelberg. Þar að auki komst hann í úrslit alþjóðlegu Robert Schumann keppninnar í Zwickau.

Jóhann hóf söngnám sitt hjá Bergþóri Pálssyni árið 2009. Hann hélt að því loknu til framhaldsnáms hjá Scot Weir í Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín og útskrifaðist þaðan með meistaragráðu og hæstu einkunn árið 2017. Auk þess hefur hann notið leiðsagnar Kristins Sigmundssonar, Thomas Quasthoffs, Júliu Várady og Thomas Hampsons meðal annarra. Frá 2017 til 2019 var hann meðlimur óperustúdíós Ríkisóperunnar í Hamborg og hefur síðan þá reglulega komið þar fram sem gestur.

Jóhann hefur unnið með virtum hljómsveitarstjórum eins og Herbert Blomstedt, Bertrand de Billy, Kent Nagano, András Schiff og Sylvain Cambreling. Hann hefur m.a. komið fram á Heidelberger Frühling, Oxford Lieder Festival, Martha Argerich Festival, Dresden tónlistarhátíðinni og Schubertiade Hohenems. Þar að auki hefur hann sungið með virtum hljómsveitum eins og Bæversku útvarpshljómsveitinni, Orchestre National du Capitole de Toulouse, Trondheim Sinfóníuhljómsveitinni, Internationale Bachakademie Stuttgart, Copenhagen Phil, Hamburger Symphoniker, Kölner Kammerorchester, Basque National Orchestra, Sænsku útvarpshljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Bamberger Symphoniker.



Benedikt Kristjánsson tenór

Benedikt Kristjánsson tenór er einn af eftirsóttustu ungu tenórum heims um þessar mundir og má segja að hann hafi hlotið heimsfrægð eftir að hann var fenginn til að flytja Jóhannesarpassíu Bachs í útsetningu fyrir þrjá flytjendur í beinni útsendingu frá Tómasarkirkjunni í Leipzig á föstudaginn langa 2020 en skömmu áður höfðu þremmenningarnir flutt verkið í sama búningi í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélagsins.

Benedikt Kristjánsson er fæddur 1987 á Húsavík. Hann hóf söngnám 16 ára gamall við Söngskólann í Reykjavík hjá Sibylle Köll og síðan Margréti Bóasdóttur. Samhliða námi söng hann í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðarkórnum undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Benedikt lauk framhaldsprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 2007 og stundaði þar á eftir framhaldsnám við Hanns Eisler tónlistarháskólann í Berlín þar sem aðalkennari hans var Scot Weir. Hann útskrifaðist þaðan árið 2015. Benedikt hefur sótt námskeið hjá Peter Schreier, Christu Ludwig, Elly Ameling, Robert Holl, Andreas Schmidt, Thomas Quasthoff og Helmuth Deutsch.



Benedikt hlaut 1. verðlaun í alþjóðlegri Bach-söngkeppni í Greifswald í júní 2011 og einnig verðlaun áheyrenda. Hann hlaut verðlaun áheyrenda í alþjóðlegu Bach-keppninni í Leipzig sumarið 2012, fékk styrk úr Jean Pierre Jaquillat sjóðnum og var valinn Bjartasta vonin í sígildri og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum. Árið 2016 var hann valinn Söngvari ársins í sama flokki á Íslensku tónlistarverðlaununum og hlaut sama ár hin þekktu Opus Klassik verðlaun í Berlín.

Sem guðspjallamaður í passíum Bachs og öðrum óratórium hefur Benedikt komið fram víða um heim og sungið einsöng með þekktum hljómsveitum í mörgum af stærstu tónleikahúsum heims eins og Fílharmoníunni í Berlín, Concertgebouw Amsterdam, Chapelle Royal í Versölum og í Walt Disney Concert Hall í Los Angeles. Hann hefur unnið með mörgum virtum stjórnendum og má þar nefna Reinhard Goebel, Reinbert de Leeuw, Vaclav Luks, Vladimir Jurowski, Peter Dijkstra, Christoph Spering, Hans-Christoph Rademann og Philippe Herreweghe.

Árið 2019 kom út fyrsta sólóplata Benedikts, „Drang in die Ferne“, sem hlaut mikið lof gagnrýnenda, meðal annars í hinu virta dagblaði Süddeutsche Zeitung. Á plötunni má heyra íslensk þjóðlög og sönglög eftir Franz Schubert.

Benedikt hefur á undanförunum árum margoft komið fram undir stjórn Harðar Áskelssonar með kórum hans.

Johann Sebastian Bach: Jólaóratoría, BWV 248

— söngtexti og íslensk þýðing

I. hluti. Á jóladag

Frumflutningur: 25. des. 1734, að morgni í Nikulásarkirkjunni, síðdegis í Tómasarkirkjunni
Hljóðfæraskipan: 3 trompetar, pákur, 2 flautur, 2 óbó/2 ástaróbó, 2 fiðlur, víóla, fylgibassi

1. CORO

Jauchzet, frohlocket, auf, preiset die Tage,
rühmet, was heute der Höchste getan!
Lasset das Zagen, verbannet die Klage,
stimmet voll Jauchzen und Fröhlichkeit an!
Dienet dem Höchsten mit herrlichen Chören,
laßt uns den Namen des Herrschers verehren!

2. EVANGELISTA

Es begab sich aber zu der Zeit, daß ein Gebot von
dem Kaiser Augusto ausging, daß alle Welt geschätzt
würde. Und jedermann ging, daß er sich schätzen
ließe, ein jeglicher in seine Stadt. Da machte sich
auch auf Joseph aus Galiläa, aus der Stadt Nazareth,
in das jüdische Land zur Stadt David, die da heißet
Bethlehem; darum, daß er von dem Hause und
Geschlechte David war: auf daß er sich schätzen
ließe mit Maria, seinem vertrauten Weibe, die war
schwanger. Und als sie daselbst waren, kam die Zeit,
daß sie gebären sollte.

3. RECITATIVO (Alto)

Nun wird mein liebster Bräutigam,
nun wird der Held aus Davids Stamm
zum Trost, zum Heil der Erden
einmal geboren werden.
Nun wird der Stern aus Jakob scheinen,
sein Strahl bricht schon hervor.
Auf, Zion, und verlasse nun das Weinen,
dein Wohl steigt hoch empor!

4. ARIA (Alto)

Bereite dich, Zion, mit zärtlichen Trieben,
den Schönsten, den Liebsten bald bei dir zu sehn!
Deine Wangen
müssen heut viel schöner prangen,
eile, den Bräutigam sehnlichst zu lieben!

1. KÓR

Fagnið, gleðjist, rísið á fætur og vegsamið dagana,
rómið það sem hinn hæsti hefur gert!
Hverfið frá kvíða, bannfærið kveinstafi,
upphefjið söng full af fögnuði og gleði.
Þjónið hinum hæsta með dýrlegum kórum.
Höfum nafn Drottins í hávegum!

2. GUÐSPJALLAMAÐUR

En það bar til um þessar mundir að boð kom frá
Ágústusi keisara, að skrásetja skyldi alla heims-
byggðina. Fóru þá allir til að láta skrásetja sig, hver til
sinnar borgar. Þá fór og Jósef úr Galíleu frá borginni
Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir
Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta
skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni sem var
þunguð. En meðan þau voru þar kom sá tími er hún
skyldi verða léttari.

3. SÖNGLES (Alt)

Nú fæðist loks elskulegur brúðgumi minn,
nú fæðist loks hetjan af kyni Davíðs,
heiminum til huggunar
og hjálpræðis.
Nú skín stjarna Jakobs,
geisli hennar brýst í gegn.
Upp, Síon, stilltu grátinn,
heill þín og hamingja kemur!

4. ARÍA (Alt)

Búðu þig, Síon, með ástúð og blíðu
undir að taka á móti hinum fegursta unnusta þínum!
Vangar þínir
hljóta að ljóma af fegurð í dag,
flýt þér að elska brúðgumann af innileik!

5. CHORALE

Wie soll ich dich empfangen
und wie begegn' ich dir?
O aller Welt Verlangen,
o meiner Seelen Zier!
O Jesu, Jesu, setze
mir selbst die Fackel bei,
damit, was dich ergötze,
mir kund und wissend sei!

6. EVANGELISTA

Und sie gebar ihren ersten Sohn und wickelte ihn in
Windeln und legte ihn in eine Krippen, denn sie hatten
sonst keinen Raum in der Herberge.

7. CHORALE CON RECITATIVO (Soprano, Basso)

Er ist auf Erden kommen arm,
Wer will die Liebe recht erhöhen,
die unser Heiland vor uns hegt?
daß er unser sich erbarm,
Ja, wer vermag es einzusehen,
wie ihn der Menschen Leid bewegt?
und in dem Himmel mache reich
Des Höchsten Sohn kömmt in die Welt,
weil ihm ihr Heil so wohl gefällt,
und seinen lieben Engeln gleich.
so will er selbst als Mensch geboren werden.
Kyrieleis!

8. ARIA (Basso)

Großer Herr, o starker König,
liebster Heiland, o wie wenig
achtest du der Erden Pracht!
Der die ganze Welt erhält,
ihre Pracht und Zier erschaffen,
muß in harten Krippen schlafen.

9. CHORALE

Ach, mein herzliebes Jesulein,
mach dir ein rein sanft Bettelein,
zu ruhn in meines Herzens Schrein,
daß ich nimmer vergesse dein!

5. SÁLMUR

Hvernig á ég að taka á móti þér,
og hvernig mæti ég þér,
ó, alls heimsins löngun,
ó, prýði sálar minnar!
Ó, Jesú, láttu kyndil þinn
lýsa nærri mér,
svo að ég þekki og greini
það sem gleður þig.

6. GUÐSPJALLAMAÐUR

Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum
og lagði hann í jötu af því að eigi var rúm fyrir þau í
gistihúsi.

7. SÁLMUR OG SÖNGLES (Sópran, bassi)

Hann kom fátækur í heiminn
Hver gæti jafnað þá ást
sem frelsarinn leggur á okkur?
til þess að hann sæi aumur á okkur,
Já, hver fær skilið
hversu mjög neyð mannanna fær á hann?
og mætti gera okkur rík á himnum
Sonur hins hæsta kemur í heiminn
því að hann ber hjálpræði veraldarinnar fyrir brjósti,
og jöfn kærum englum sínum.
Þess vegna vill hann fæðast sem maður.
Drottinn, miskunna þú oss!

8. ARÍA (Bassi)

Mikli drottinn og máttugi konungur,
kærasti frelsari, ó, hversu lítils
metur þú dýrð heimsins!
Sá sem stjórnar veröld allri
og hefur skapað dýrð hennar og prýði
verður að sofa í harðri jötu.

9. SÁLMUR

Æ, hjartans elsku Jesú minn,
gerðu þér hreint og mjúkt ból
í hjarta mínu að hvílast í,
svo ég gleymi þér aldrei!

Lúkas 2.1, 3–6 (nr. 2); Wie soll ich dich empfangen, 1. vers: Paul Gerhardt 1653 (nr. 5); Lúkas 2.7 (nr. 6); Gelobet seist du, Jesu Christ, 6. vers: Martin Luther 1524 (nr. 7); Vom Himmel hoch, da komm ich her, 13. vers: Martin Luther 1535 (nr. 9)

II. hluti. Á annan í jólum

Frumflutningur: 26. des. 1734, að morgni í Tómasarkirkjunni, síðdegis í Nikulásarkirkjunni
Hljóðfæraskipan: 2 flautur, 2 ástaróbó, 2 veiðióbó, 2 fiðlur, víóla, fylgibassi

10. SINFONIA

11. EVANGELISTA
Und es waren Hirten in derselben Gegend auf dem Felde bei den Hürden, die hüteten des Nachts ihre Herde. Und siehe, des Herren Engel trat zu ihnen, und die Klarheit des Herren leuchtet um sie, und sie fürchten sich sehr.

12. CHORALE
Brich an, o schönes Morgenlicht,
und laß den Himmel tagen!
Du Hirtenvolk, erschrecke nicht,
weil dir die Engel sagen,
daß dieses schwache Knäbelein
soll unser Trost und Freude sein,
dazu den Satan zwingen
und letztlich Friede bringen!

13. EVANGELISTA, ANGELUS (Soprano)
Evangelista
Und der Engel sprach zu ihnen:
Angelus
Fürchtet euch nicht, siehe, ich verkündige euch große Freude, die allem Volke widerfahren wird. Denn euch ist heute der Heiland geboren, welcher ist Christus, der Herr, in der Stadt David.

14. RECITATIVO (Basso)
Was Gott dem Abraham verheißen,
das läßt er nun dem Hirtenchor
erfüllt erweisen.
Ein Hirt hat alles das zuvor
von Gott erfahren müssen.
Und nun muß auch ein Hirt die Tat,
was er damals versprochen hat,
zuerst erfüllet wissen.

15. ARIA (Tenore)
Frohe Hirten, eilt, ach, eilet,
eh ihr euch zu lang verweilet,
eilt, das holde Kind zu sehn!
Geht, die Freude heißt zu schön,
sucht die Anmut zu gewinnen,
geht und labet Herz und Sinnen!

10. SINFÓNÍA

11. GUÐSPJALLAMAÐUR
En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinnar. Og engill Drottins stóð hjá þeim og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir.

12. SÁLMUR
Renn upp, þú fagra morgunljós
og lýstu himininn upp!
Þið hirðar, hræðist ekki,
því engillinn segir ykkur
að þetta veikburða litla sveinbarn
muni verða huggun okkar og gleði,
auk þess buga Satan,
og að lokum færa okkur frið.

13. GUÐSPJALLAMAÐUR, ENGILL (Sópran)
Guðspjallamaður
En engillinn sagði við þá:
Engill
Verið óhræddir, því, sjá, ég boða yður mikinn fögnuð sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs.

14. SÖNGLES (Bassi)
Það sem Guð hét Abraham,
það sýnir hann nú kór fjárhirðanna
að hefur verið uppfyllt.
Allt þetta hefur fjárhirðir
áður heyrt frá Guði.
Og nú er það einnig hirðir sem fyrstur veit
að það hefur verið uppfyllt
sem hann hét eitt sinn.

15. ARÍA (Tenór)
Glöðu hirðar, flýtið ykkur, æ, flýtið ykkur
og tefjið ekki för ykkar lengi,
flýtið ykkur að sjá barnið fríða!
Farið, gleðin verður óumræðileg,
farið og takið á móti þessari náðargjöf,
farið og laugið hjarta ykkar og huga!

16. EVANGELISTA
Und das habt zum Zeichen: Ihr werdet finden das Kind in Windeln gewickelt und in einer Krippe liegen.

17. CHORALE
Schaut hin, dort liegt im finstern Stall,
des Herrschaft gehet überall!
Da Speise vormals sucht ein Rind,
da ruhet itzt der Jungfrau'n Kind.

18. RECITATIVO (Basso)
So geht denn hin, ihr Hirten, geht,
daß ihr das Wunder seht:
Und findet ihr des Höchsten Sohn
in einer harten Krippe liegen,
so singet ihm bei seiner Wiegen
aus einem süßen Ton
und mit gesamtem Chor
dies Lied zur Ruhe vor!

19. ARIA (Alto)
Schlafe, mein Liebster, genieße der Ruh,
wache nach diesem vor aller Gedeihen!
Labe die Brust,
empfinde die Lust,
wo wir unser Herz erfreuen!

20. EVANGELISTA
Und alsobald war da bei dem Engel die Menge der himmlischen Heerscharen, die lobten Gott und sprachen:

21. CORO
Ehre sei Gott in der Höhe und Friede auf Erden und den Menschen ein Wohlgefallen.

22. RECITATIVO (Basso)
So recht, ihr Engel, jauchzt und singet,
daß es uns heut so schön gelinget!
Auf denn! Wir stimmen mit euch ein,
uns kann es so wie euch erfreun.

23. CHORALE
Wir singen dir in deinem Heer
aus aller Kraft, Lob, Preis und Ehr,
daß du, o lang gewünschter Gast,
dich nunmehr eingestellt hast.

16. GUÐSPJALLAMAÐUR
Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og liggjandi í jötu.

17. SÁLMUR
Sjá, þarna liggur sá í dimmu fjárhúsi
sem ríkir yfir öllum heimi.
Þar sem búfé leitaði áður fæðis
hvílir nú meyjarrinnar barn.

18. SÖNGLES (Bassi)
Haldið þangað, þið fjárhirðar, farið
og sjáið undrið.
Ef þið finnið þar son hins hæsta
liggjandi í harðri jötu,
syngið þá til hans við vögguna
með sætleik
allir í kór
þetta vögguljóð.

19. ARÍA (Alt)
Sofðu, elskulegur, njóttu hvíldarinnar,
vaktu síðan yfir heill hvers og eins.
Laugaðu brjóst þitt,
finndu til hamingjunnar
sem við sækjum í til að gleðja hjörtu okkar.

20. GUÐSPJALLAMAÐUR
Og í sömu svipan var með englinum fjöldi himneskra hersveita sem lofuðu Guð og sögðu:

21. KÓR
Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum.

22. SÖNGLES (Bassi)
Gleðjist og syngið, þið englar,
yfir happi okkar í dag!
Við hefjum upp lagið með ykkur
sem gleður okkur jafnmikið og ykkur.

23. SÁLMUR
Við syngjum þér með engla hópi
af öllum krafti, lof, prís og dýrð,
nú þegar þú, langþráði gestur,
ert loks hingað kominn.

Lúkas 2.8–14 (nr. 11, 13, 16, 20, 21); Ermuntre dich, mein schwacher Geist, 9. vers: Johann Rist 1641 (nr. 12); Schaut, schaut, was ist für Wunder dar, 8. vers: Paul Gerhardt 1667 (nr. 17); Wir singen dir, Emmanuel, 2. vers: Paul Gerhardt 1656 (nr. 23)

III. hluti. Á þriðja í jólum

Frumflutningur: 27. des. 1734, að morgni í Nikulásarkirkjunni
Hljóðfæraskipan: 3 trompetar, pákur, 2 flautur, 2 óbó/2 ástaróbó, 2 fiðlur, víóla, fylgibassi

24. CORO
Herrscher des Himmels, erhöre das Lallen,
laß dir die matten Gesänge gefallen,
wenn dich dein Zion mit Psalmen erhöht!
Höre der Herzen frohlockendes Preisen,
wenn wir dir itzo die Ehrfurcht erweisen,
weil unsre Wohlfahrt befestiget steht!

25. EVANGELISTA
Und da die Engel von ihnen gen Himmel fuhren,
sprachen die Hirten untereinander:

26. CORO
Lasset uns nun gehen gen Bethlehem und die
Geschichte sehen, die da geschehen ist, die uns der
Herr kundgetan hat.

27. RECITATIVO (Basso)
Er hat sein Volk getröst',
er hat sein Israel erlöst,
die Hülf aus Zion hergesendet
und unser Leid geendet.
Seht, Hirten, dies hat er getan;
Geht, dieses trifft ihr an!

28. CHORALE
Dies hat er alles uns getan,
sein groß Lieb zu zeigen an;
Des freu sich alle Christenheit
und dank ihm des in Ewigkeit.
Kyrieleis!

29. ARIA DUETTO (Soprano, Basso)
Herr, dein Mitleid, dein Erbarmen
tröstet uns und macht uns frei.
Deine holde Gunst und Liebe,
deine wundersamen Triebe
machen deine Vätertreu
wieder neu.

24. KÓR
Drottari himins, bænheyr þú hjalið,
láttu þér vel líka dauflegan sönginn
er Síon tignar þig með sálmum!
Heyr hjartnanna fagnandi lofgerð,
þegar við sýnum þér lotningu,
því að velferð okkar stendur styrk!

25. GUÐSPJALLAMAÐUR
Þegar englarnir voru farnir frá þeim til himins sögðu
hirðarnir sín á milli:

26. KÓR
Förum beint til Betlehem að sjá það sem gerst hefur og
Drottinn hefur kunngjört okkur.

27. SÖNGLES (Bassi)
Hann hefur huggað lýð sinn,
hann hefur frelsað Ísrael,
hann hefur sent hjálp af fjallinu Síon
og bundið enda á þjáningu okkar.
Sjáið, hirðar, þetta hefur hann gert;
farið og verðið vitni að þessu.

28. SÁLMUR
Þetta gerði hann allt fyrir okkur,
og sýndi með því mikla ást sína.
Því gleðjist gjörvöll kristni
og þakki honum um eilífð.
Drottinn, miskunna þú oss!

29. DÚETT (Sópran, bassi)
Drottinn, meðaumkun þín, miskunnsemi þín
huggar okkur og gerir okkur frjáls.
Undursamleg náð þín og ást,
undraverk þín,
gera föðurást þína
aftur nýja.

30. EVANGELISTA
Und sie kamen eilend und funden beide, Mariam und
Joseph, dazu das Kind in der Krippe liegen. Da sie
es aber gesehen hatten, breiteten sie das Wort aus,
welches zu ihnen von diesem Kind gesaget war. Und
alle, für die es kam, wunderten sich der Rede, die ihnen
die Hirten gesaget hatten. Maria aber behielt alle diese
Worte und bewegte sie in ihrem Herzen.

31. ARIA (Alto)
Schließe, mein Herz, dies selige Wunder
fest in deinem Glauben ein!
Lasse dies Wunder, die göttlichen Werke,
immer zur Stärke
deines schwachen Glaubens sein!

32. RECITATIVO (Alto)
Ja, ja, mein Herz soll es bewahren,
was es an dieser holden Zeit
zu seiner Seligkeit
für sicheren Beweis erfahren.

33. CHORALE
Ich will dich mit Fleiß bewahren,
ich will dir
leben hier,
dir will ich abfahren,
mit dir will ich endlich schweben
voller Freud
ohne Zeit
dort im andern Leben.

34. EVANGELISTA
Und die Hirten kehrten wieder um, preiseten und
lobten Gott um alles, das sie gesehen und gehöret
hatten, wie denn zu ihnen gesaget war.

35. CHORALE
Seid froh dieweil,
daß euer Heil
ist hie ein Gott und auch ein Mensch geboren,
der, welcher ist
der Herr und Christ
in Davids Stadt, von vielen auserkoren.

24. Coro da capo

30. GUÐSPJALLAMAÐUR
Og þeir fóru með skyndi og fundu Maríu og Jósef og
ungbarnið sem lá í jötu. Þegar þeir sáu það skýrðu þeir
frá því er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir
sem heyrðu undruðust það er hirðarnir sögðu þeim. En
María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það.

31. ARÍA (Alt)
Hjarta mitt, geymdu þetta heilaga undur
tryggilega í trú þinni!
Láttu þetta undur og þessi guðlegu verk
ávallt verða til styrktar
veikri trú þinni.

32. SÖNGLES (Alt)
Já, já, hjarta mitt varðveitir það
sem það hefur fengið óræka sönnun um
á þessari sælu tíð
að verður því til blessunar.

33. SÁLMUR
Ég mun geyma þig af kostgæfni í huga,
ég vil þér
lifa hér,
til þín vil ég fara,
með þér mun ég svífa
fullur gleði
handan tíma
í öðru lífi.

34. GUÐSPJALLAMAÐUR
Og hirðarnir sneru aftur og vegsömuðu Guð og lofuðu
hann fyrir það sem þeir höfðu heyrt og séð en allt var
það eins og þeim hafði verið sagt.

35. SÁLMUR
Verið því glöð,
að frelsari ykkar
er hér borinn, Guð og maður,
hann sem er
Drottinn og Kristur,
í Davíðs borg, sem var úr mörgum útvalin.

24. Kór endurtekinn

V. hluti. Á sunnudegi eftir nýár

Frumflutningur: 2. jan. 1735, að morgni í Nikulásarkirkjunni
Hljóðfæraskipan: 2 ástaróbó, 2 fiðlur, víóla, fylgibassi

43. CORO
Ehre sei dir, Gott, gesungen,
dir sei Lob und Dank bereit'.
Dich erhebet alle Welt,
weil dir unser Wohl gefällt,
weil anheut
unser aller Wunsch gelungen,
weil uns dein Segen so herrlich erfreut.
44. EVANGELISTA
Da Jesus geboren war zu Bethlehem im jüdischen
Lande zur Zeit des Königes Herodis, siehe, da kamen
die Weisen vom Morgenlande gen Jerusalem und
sprachen:

45. CORO CON RECITATIVO (Alto)
Wo ist der neugeborne König der Jüden?
Sucht ihn in meiner Brust,
hier wohnt er, mir und ihm zur Lust!
Wir haben seinen Stern gesehen im Morgen-
lande und sind kommen, ihn anzubeten.
Wohl euch, die ihr dies Licht gesehen,
es ist zu eurem Heil geschehen!
Mein Heiland, du, du bist das Licht,
das auch den Heiden scheinen sollen,
und sie, sie kennen dich noch nicht,
als sie dich schon verehren wollen.
Wie hell, wie klar muß nicht dein Schein,
geliebter Jesu, sein!

46. CHORALE
Dein Glanz all Finsternis verzehrt,
die trübe Nacht in Licht verkehrt.
Leit uns auf deinen Wegen,
daß dein Gesicht
und herrlichs Licht
wir ewig schauen mögen!

47. ARIA (Basso)
Erleucht auch meine finstre Sinnen,
erleuchte mein Herze
durch der Strahlen klaren Schein!
Dein Wort soll mir die hellste Kerze

43. KÓR
Heiður sé þér sunginn, Guð,
þér sé búið lof og þökk.
Þig vegsamar öll veröldin,
því þér er annt um velferð okkar,
því í dag
hafa allar óskir okkar ræst,
því blessun þín gleður okkur svo dýrlega.
44. GUÐSPJALLAMAÐUR
Þegar Jesús var fæddur í Betlehem í Júdeu á dögum
Heródesar konungs komu vitringar frá Austurlöndum
til Jerúsalem og sögðu:

45. KÓR OG SÖNGLES (Alt)
Hvar er hinn nýfæddi konungur Gyðinga?
Leitið hans í brjósti mínu,
hér býr hann, mér og sér til ánægju!
Við sáum stjörnu hans renna upp og erum
kominir að veita honum lotningu.
Sælir eruð þið sem hafið séð þetta ljós,
það kviknaði ykkur til hjálpræðis!
Frelsari minn, þú, þú ert ljósið,
sem mun einnig lýsa heiðingjunum,
og þeir sem þekkja þig ekki enn
eru þó þegar komnir að tilbiðja þig.
Hve bjartur, hve skær hlýtur ekki
bjarmi þinn að vera, elskaði Jesú!

46. SÁLMUR
Ljómi þinn eyðir öllu myrkri,
umbreytir dimmri nóttinni í dagsbirtu.
Leið okkur á þínum vegum,
svo að andlit þitt
og dýrlegt ljós
sé eilíflega fyrir augum okkar.

47. ARÍA (Bassi)
Lýs þú einnig upp myrk hugskot mín,
lýs þú upp hjarta mitt
með ljómandi skini geisla þinna!
Orð þitt verður mér sem skærasta kerti

in allen meinen Werken sein;
Dies lasset die Seele nichts Böses beginnen.

48. EVANGELISTA
Da das der König Herodes hörte, erschrak er und mit ihm
das ganze Jerusalem.

49. RECITATIVO (Alto)
Warum wollt ihr erschrecken?
Kann meines Jesu Gegenwart euch solche Furcht
erwecken?
O solltet ihr euch nicht
vielmehr darüber freuen,
weil er dadurch verspricht,
der Menschen Wohlfahrt zu verneuen.

50. EVANGELISTA
Und ließ versammeln alle Hohepriester und
Schriftgelehrten unter dem Volk und erforschte von
ihnen, wo Christus sollte geboren werden. Und sie sagten
ihm: Zu Bethlehem im jüdischen Lande; denn also stehet
geschrieben durch den Propheten: Und du Bethlehem
im jüdischen Lande bist mitnichten die kleinst unter den
Fürsten Juda; denn aus dir soll mir kommen der Herzog,
der über mein Volk Israel ein Herr sei.

51. ARIA TERZETTO (Soprano, Alto, Tenore)
S: Ach, wenn wird die Zeit erscheinen?
T: Ach, wenn kömmt der Trost der Seinen?
A: Schweigt, er ist schon würrlich hier!
S, T: Jesu, ach, so komm zu mir!

52. RECITATIVO (Alto)
Mein Liebster herrschet schon.
Ein Herz, das seine Herrschaft liebet
und sich ihm ganz zu eigen gibet,
ist meines Jesu Thron.

53. CHORALE
Zwar ist solche Herzensstube
wohl kein schöner Fürstensaal,
sondern eine finstre Grube;
Doch, sobald dein Gnadenstrahl
in denselben nur wird blinken,
wird es voller Sonnen dünden.

í öllum verkum mínum;
það stýrir sál minni frá öllu illu.

48. GUÐSPJALLAMAÐUR
Þegar Heródes heyrði þetta varð hann skelkaður og öll
Jerúsalem með honum.

49. SÖNGLES (Alt)
Hvers vegna óttist þið?
Vekur návist Jesú míns slíka skelfingu?
Ó, þið ættuð miklu heldur
að gleðjast yfir návist hans,
því þannig lofar hann
að gera sáluhjálp manna nýja.

50. GUÐSPJALLAMAÐUR
Og hann stefndi saman öllum æðstu prestum og
fræðimönnum og spurði þá: Hvar á Kristur að fæðast?
Þeir svöruðu honum: Í Betlehem í Júdeu; en þannig er
ritað hjá spámanninum: Þú Betlehem, í landi Júda, ekki
ert þú síst meðal hefðarborga Júda. Því að höfðingi
mun frá þér koma sem verður hirðir lýðs míns, Ísraels.

51. TERSETT (Sópran, alt, tenór)
S: Æ, hvenær kemur stundin?
T: Æ, hvenær kemur huggun lýðs hans?
A: Þagnið, hann er þegar á meðal okkar!
S, T: Jesú, æ, komdu til mín!

52. SÖNGLES (Alt)
Minn elskaði ríkir.
Hjarta sem elskar ríki hans
og gefur sig honum algjörlega
er hásæti Jesú míns.

53. SÁLMUR
Vissulega er slík hjartakytra
enginn glæsilegur furstasalur,
heldur myrk gróf.
En um leið og náðargeisli þinn
skín þangað inn,
mun hún virðast full af sólarljósi.

Matteus 2.1–6 (nr. 44, 45, 48, 50); Nun, liebe Seel, nun ist es Zeit, 5. vers: Georg Weissel 1642 (nr. 46);
Ihr Gestirn, ihr hohlen Lüfte, 9. vers: Johann Franck 1655 (nr. 53)

VI. hluti. Á þrettándanum

Frumflutningur: 6. jan. 1735, að morgni í Tómasarkirkjunni, síðdegis í Nikulásarkirkjunni
Hljóðfæraskipan: 3 trompetar, pákur, 2 óbó, 2 fiðlur, víola, fylgibassi

64. CHORALE
Nun seid ihr wohl gerochen
an eurer Feinde Schar,
denn Christus hat zerbrochen,
was euch zuwider war.
Tod, Teufel, Sünd und Hölle
sind ganz und gar geschwächt;
Bei Gott hat seine Stelle
das menschliche Geschlecht.

Ihr Christen auserkoren, 4. vers: Georg Werner 1648
Þýðing: Atli Freyr Steinþórsson og Halldór Hauksson

64. SÁLMUR
Nú hafa fjendur ykkar
hlotið makleg málagjöld,
því Kristur hefur brotið
það sem stóð gegn ykkur.
Dauði, djöfull, synd og helja
eru gersamlega magnlaus.
Mannkyn á sér griðastað
hjá Guði.

Ágrip af sögu Listvinafélags Hallgrímskirkju
Úr Mínum Drottni til þakklætis – sögu Hallgrímskirkju eftir séra Sigurð Pálsson

Árið 1982 kom Hörður Áskelsson að starfi organista/kantors við Hallgrímskirkju með stóra drauma um öflugt kirkjulistalíf. Þetta haust var Mótettukór Hallgrímskirkju stofnaður og undirbúningur hófst að stofnun listvinafélags. Eðli málsins samkvæmt er starf Mótettukórsins og Listvinafélags Hallgrímskirkju samtvinnað. Kammerkórinn Schola Cantorum var sömuleiðis ein af stofnum starfsins frá stofnun kórsins árið 1996.

Fyrirmynd félagsins sótti Hörður til Þýskalands þar sem hann hafði kynnst slíku styrktarfélagi við Neander-kirkjuna í Düsseldorf en það kallaðist „vinafélag tónlistarinnar“. Strax var lagt upp með þá hugmynd að einskorða ekki starfsemina við tónlistina heldur aðrar listgreinar jafnframt. Til að vinna hugmyndinni brautargengi fékk Hörður m.a. til liðs við sig svila sinn Knut Ødegård skáld. Tilgangur félagsins skyldi vera að „efla listalíf í Hallgrímskirkju sem samboðið væri þessari veglegu kirkju allra landsmanna og hlutverki hennar“. Markmiðum sínum hugðist félagið ná með því að styðja þátt fagurra lista í helgihaldi kirkjunnar og gangast fyrir sem viðtækustu listalífi, á sviði tónlistar, bókmennta, myndlistar, leiklistar, húsagerðarlistar og fleira.

Á stofnfundi félagsins, sem haldinn var 27. október 1982, var félaginu kosin stjórn. Dr. Sigurbjörn Einarsson biskup emeritus var kosinn formaður en auk hans voru kosin þau Matthías Johannessen ritstjóri og skáld, Sigríður Snævarr stjórnarráðsfulltrúi, Guðrún Sigríður Birgisdóttir flautuleikari, Knut Ødegård skáld og Ólafur Kvaran listfræðingur. Samkvæmt lögum félagsins var kantor kirkjunnar, Hörður Áskelsson, sjálfkjörinn.

Starfsár Listvinafélagsins fylgir kirkjuárinu og hefst því 1. sunnudag í aðventu. Dagskrá fyrsta starfsársins, 1982–1983, var rismikil og gaf fyrirheit um það sem koma skyldi. Starfsárið hófst á Liljukvöldi í umsjá Knuts Ødegård þar



sem ljóðið Lilja eftir munkinn Eystein Ásgrímsson var flutt í tali og tónum með þátttöku Þorgerðar Ingólfsdóttur, Bjørns Bjørneboe og Gunnars Eyjólfssonar. Þá var á þessu fyrsta starfsári fluttur ljóðabálkurinn Síðu-Hallur eftir dr. Jakob Jónsson frá Hrauni með orgelleik Harðar Áskelssonar sem lék af fingrum fram og upplestri Jónínu Jónsdóttur. Á aðventu var haldin kantötuguðsþjónusta og flutt kantata nr. 61 eftir J.S. Bach með einsöngvurum, kór og hljómsveit. Jólatónleikar Mótettukórsins og Manuelu Wiesler voru haldnir í samvinnu við Listvinafélagið. Á passiutónleikum voru flutt tónverk eftir Þorkel Sigurbjörnsson og var þar m.a. frumflutt Lítill píslarsaga og sýndar skyggjur með myndum Snorra Sveins Friðrikssonar. Flytjendur voru söngvararnir Margrét Bóasdóttir sópran, Friðbjörn G. Jónsson tenór, Guðrún Sigríður Birgisdóttir flautuleikari, Helga Þórarinsdóttir víóluleikari, Inga Rós Ingólfsdóttir sellóleikari og Mótettukór Hallgrímskirkju.

Aðrar listir áttu einnig sinn sess í dagskránni. Haldin var sýning á passíumyndum Barböru Árnason en árið 1960 höfðu Passíusálmar Hallgríms Péturssonar komið út með teikningum Barböru. Einnig var haldin sýning á helgilist Sigrúnar Jónsdóttur veflistakonu en hún gerði grænan hökul og altarisklæði fyrir kirkjuna þar sem þemað var sótt í vers sr. Hallgríms Hveitkorn þekktu þitt. Sýning var einnig haldin á vinnuteikningum og frumdrögum að steindum gluggum eftir Leif Breiðfjörð.

Á öðru starfsári Listvinafélagsins var, auk tónleikahalds, haldið Tómasarkvöld, dagskrá um Tómas Guðmundsson skáld, með upplestri úr verkum hans. Kvöldið var í umsjá þeirra Knuts Ødegård og Matthíasar Johannessen.

Á árinu 1985 var þess minnst að 300 ár voru liðin frá fæðingu Johanns Sebastians Bach og minnst Listvinafélagið þess með Bach-kantötuhátið. Í Hallgrímsmessu að morgni dánardags Hallgríms Péturssonar, þann 27. október, var flutt siðbótarkantatan Vor Guð er borg á bjargi traust BWV 80 með einsöngvurum, kór og kammersveit og síðdegis voru fluttar þrjár af kantötum Bachs á hátíðarhljómleikum í Langholtskirkju. Voru tónleikarnir hápunktur framlags Listvinafélagsins og Mótettukórsins til Bach-ársins.

Listvinafélagið hefur kostað kapps um að fá til samstarfs við sig skapandi íslenska listamenn, bæði tónskáld og



myndlistarmenn. Árið 1985 fékk félagið, í samvinnu við Tónmenntasjóð Þjóðkirkjunnar, nokkur tónskáld til að semja ný lög við sálma sem ekki höfðu nýst til safnaðarsöngs vegna vöntunar á hentugum sálmalögum. Þetta voru tónskáldin Atli Heimir Sveinsson, Gunnar Reynir Sveinsson og Þorkell Sigurbjörnsson. Lög þeirra voru síðan sungin við messu 4. maí 1986. Á vortónleikum Mótettukórsins í Kristskirkju sama ár voru frumflutt þrjú ný íslensk kirkjutónverk: 23. Davíðssálmur eftir Jónas Tómasson, Gloria eftir Gunnar Reyni Sveinsson og Ave Maria eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Síðasttalda verkið hefur náð mikilli hylli víða um heim og hefur reglulega verið á efnisskrá Mótettukórsins.

Öðru fremur einkenndist fjórða starfsár Listvinafélagsins af undirbúningi fyrir vígslu Hallgrímskirkju sem áætluð var á Hallgrímsdegi í lok október 1986 og undirbúningi Kirkjulistahátíðar sem halda skyldi í fyrsta skipti vorið eftir til að fagna vígslunni. Öllum íslenskum tónskáldum var sent bréf með beiðni um tillögur að verkum sem flutt yrðu við vígslu Hallgrímskirkju og á vígsluárinu í tengslum við litróf kirkjuársins. Tvö tónverk bárust eftir Áskel Másson. Annars vegar var Introitus fyrir kór, 14 málmblásara, pákur og orgel og var tónverkið gjöf til Hallgrímskirkju og samið með vígsluathöfnina í huga. Hins vegar var orgelsónata sem samin var með styrk úr Tónmenntasjóði Þjóðkirkjunnar. Þá barst tillaga frá Atla Heimi Sveinssyni að Hallgrímsspassíu fyrir 5–6 upplesara, þrjá einsöngvara, kór, orgel og blásarasveit. Passían var tekin upp í Hallgrímskirkju fyrir sjónvarp, Sveinn Einarsson var leikstjóri, Friðrik Þór Friðriksson stýrði upptökunni og Hörður Áskelsson stjórnaði flutningnum.

Hugmynd barst einnig frá Þorkeli Sigurbjörnssyni að páskaóratóríu þar sem áhersla var lögð á hlutverk kórsins. Páskaóratoría Þorkels, Upprisan, var síðan flutt laugardagskvöldið fyrir páska árið 1987.

Enda þótt tónlist hafi verið í öndvegi í starfi Listvinafélagsins hafa aðrar listgreinar einnig komið við sögu, einkum myndlist. Listvinafélagið stóð fyrir myndlistarsýningum í anddyri Hallgrímskirkju allt frá árinu 1987 og hafa margir af fremstu listamönnum þjóðarinnar sýnt þar. Áhersla var lögð á trúarlega list.

Á sjötta starfsári Listvinafélagsins, 1987–1988, var allsérstæð myndlist til sýnis í forkirkjunni en það voru stækkanir á völdum sálmum úr handriti Hallgríms Péturssonar af Passíusálmunum. Í tengslum við þessa sýningu flutti dr. Jónas Kristjánsson handritafræðingur og forstöðumaður Árnastofnunar mjög fróðlegt erindi um passíusálmahandrit.

Á Kirkjulistahátíð 1989 var haldin sýning á tíu vatnslitamyndum eftir Karólínu Eiríksdóttur sem byggðar eru á sögum úr lífi Jesú. Þessar myndir gerði Karólína sérstaklega fyrir Listvinafélagið og gaf hún félaginu þær til eignar og/eða fjármögnunar á einhverju sem snerti listastarfsemi félagsins. Ákveðið var að selja helming myndanna til styrktar myndlistardeild félagsins en hinar eru í eigu Listvinafélagsins og hafa prýtt skrifstofur í kirkjunni æ síðan.

Vorið 1989 var dagskrá á vegum félagsins um skáldið Hannes Pétursson. Skáldið las úr verkum sínum, Páll Valsson

bókmenntafræðingur flutti erindi og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og Hamrahlíðarkórinn sungu tónverk við ljóð skáldsins undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur.

Í tilefni af 50 ára afmæli Hallgrímssafnaðar voru haustið 1990 haldnir norrænir barokkdagar í samvinnu við Norræna húsið. Sten Lindholm organisti frá Danmörku flutti erindi um barokktónskáldið Dietrich Buxtehude og lék orgelverk hans, Hamrahlíðarkórinn og strengjasveit yngri deildar Tónlistarskólans í Reykjavík flutti Magnificat eftir Buxtehude undir stjórn Þorgerðar Ingólfssdóttur. Þá fluttu þau Inga Bachmann sópransöngkona, Unnur María Ingólfssdóttir fiðluleikari, Inga Rós Ingólfssdóttir sellóleikari og Hörður Áskelsson organisti einsöngskantötuna Singet dem Herrn ein neues Lied BuxWV 98 eftir Buxtehude. Í Norræna húsinu voru fyrirlestrar um norska skáldkerkinn Petter Dass og um sænska byggingar- og myndlist á barokktímanum. Dagskránni lauk síðan í Hallgrímskirkju á dagskrá um danska sálmaskáldið Thomas Kingo.

Í nóvember 1994 gekkst Listvinafélagið fyrir sýningum á íkonum eftir Kristínu Gunnlaugsdóttur. Hallgrímskirkja keypti á sýningunni tvo stóra íkona af þeim erkienglum Gabríel og Mikael og hefur þeim verið komið fyrir á kórveggjum hvorum gegnt öðrum.

Í mars 1997 stóð Listvinafélag Hallgrímskirkju fyrir málþingi um Hallgrím Pétursson í samstarfi við Stofnun Sigurðar Nordals en rætt hafði verið um nauðsyn slíks þings í stjórn Listvinafélagsins um nokkurt skeið. Málþingið var nefnt Hallgrímsstefna. Fyrirlesarar voru Helgi Þorláksson sagnfræðingur, Sigurjón Árni Eyjólfsson guðfræðingur, Vésteinn Ólafsson bókmenntafræðingur, Margrét Eggertsdóttir bókmenntafræðingur, Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur, Sigurbjörn Einarsson biskup, Þórunn Sigurðardóttir bókmenntafræðingur, Helgi Skúli Kjartansson sagnfræðingur og Wilhelm Friese prófessor í norrænum fræðum við háskólann í Tübingen. Erindin voru gefin út af Listvinafélaginu sama ár undir heitinu Hallgrímsstefna.

Á Kirkjulistahátíð 1997 var haldin sýning á vegum Listvinafélagsins sem nefndist Nýsköpun í myndlist. Þar var athygli beint að nýsköpun í myndlist fyrir kirkju og áhersla lögð á samstarf arkitekta og myndlistarmanna. Sýnd voru listaverk í kirkjum og byggingarlist kirkna. Í tengslum við sýninguna var haldið málþing í Odda undir yfirskriftinni Hvað er kirkjulist? Í tengslum við sýninguna og málþingið var gefið út ritið Nýsköpun í myndlist með fjölmörgum myndum af listaverkum og kirkjuteikningum arkitekta.

Leiklist og danslist hefur einnig verið á dagskrá Listvinafélagsins. Leikrit Guðrúnar Ásmundsdóttur um danska prestinn og rithöfundinn Kaj Munk var frumsýnt í Hallgrímskirkju 4. janúar 1987 og var hún sjálf leikstjóri. Arnar Jónsson lék Kaj Munk, tónlistin var eftir Þorkell Sigurbjörnsson og var flutt af þeim Herði Áskelssyni og Ingu Rós Ingólfssdóttur. Ekkja Kaj Munks, Lisa Munk, og sonur þeirra, Arne Munk, komu á frumsýninguna og luku á hana



lofsorði. Viðtökur fóru fram úr björtustu vonum og var leikritið sýnt í Hallgrímskirkju fram í október nær 50 sinnum og auk þess úti á landi. Um sumarið var leiksýningunni boðið til Danmerkur og Svíþjóðar.

Á milli jóla og nýárs árið 1988 flutti Íslenski dansflokkurinn Bæn fyrir dansara í samvinnu við Þjóðleikhúsið. Á þeirri sýningu söng Mótettukórinn nokkur Hallgrímsvers og mótettuna Ave Maria eftir Hjálmar H. Ragnarsson við hreyfingar nokkurra dansara. Einnig flutti dansflokkurinn verkið Faðir vor við elektróníska tónlist sænska tónskáldsins Ralphs Lundsten. Höfundur og stjórnandi dansanna var Ivo Cramér. Sýningunni var afar vel tekið og þótti nýjung, bæði hvað varðaði lýsingu og hvernig rýmið í kirkjunni var notað.

Á Kirkjulistahátíð 1995 var frumsýnt leikritið Heimur Guðríðar: Síðasta heimsókn Guðríðar Símonardóttur í kirkju Hallgríms eftir leikkonuna og rithöfundinn Steinunni Jóhannesdóttur. Höfundur leikstýrði, leikarar voru þau Helga Bachmann, Helga E. Jónsdóttir og Þróstur Leó Gunnarsson og Hörður Áskelsson samdi tónlistina. Þetta leikrit vakti mikla athygli og var sýnt í kirkjum víða um land á árunum 1995–1996.

Listvinafélagið hefur einnig staðið fyrir árvissum viðburðum sem hafa öðlast fastan sess í menningarlífi þjóðarinnar. Á föstudaginn langa árið 1993 voru í fyrsta skipti Passíusálmarnir allir lesnir í Hallgrímskirkju á vegum Listvinafélagsins. Lesari var Eyvindur Erlendsson leikari og leikstjóri og var lesturinn brotinn upp með tónlistarflutningi Harðar Áskelssonar. Þetta hefur síðan verið árleg hefð og hafa komið að lestrinum bæði leikir og lærðir, ungir og aldnir sem ýmist hafa lesið alla sálmana eða í félagi við aðra. Hefur þessi siður að lesa Passíusálmanna á föstudaginn langa verið tekinn upp í fleiri kirkjum.

Með vígslu Klais-orgelsins 1992 urðu algjör þáttaskil í íslensku tónlistarsögu og í tónlistarflutningi í Hallgrímskirkju. Strax á fyrsta ári voru haldnir 40 orgeltónleikar á vegum Listvinafélagsins en þar léku um 30 organistar víða að úr heiminum og skiptu áheyrendur þúsundum. Tónleikaröðin Sumarkvöld við orgelið (síðar Alþjóðlegt orgelsumar í Hallgrímskirkju) hóf göngu sína sumarið 1993 og var haldin á hverju sumri upp frá því. Erla Elín Hansdóttir, sem söng með Mótettukórnum um árabíl og var nótnavörður kórsins, hafði lengi umsjón með þessari glæsilegu tónleikaröð. Tónleikarnir hafa verið vel sóttir, ekki síst af ferðamönnum. Hróður Klais-orgelsins hefur víða farið og hefur þekktum erlendum organistum þótt eftirsóknarvert að leika á það.

Vinsælustu árlegu tónleikarnir á vegum Listvinafélagsins hafa án efa verið jólatónleikar Mótettukórs Hallgrímskirkju og Hátíðarhljómar við áramót sem lengi voru hvorir tveggja hluti af glæsilegum jólatónlistarhátíðum félagsins í Hallgrímskirkju. Eftir vígslu Klais-orgelsins hófst samstarf trompetleikaranna Ásgeirs H. Steingrímssonar og Eiríks Arnar Pálssonar og Harðar Áskelssonar organista og kl. 17 á gamlárskvöld 1994 komu þeir í fyrsta sinn fram á tónleikunum Hátíðarhljómar við áramót og hafa þessir tónleikar verið árlegur viðburður síðan og jafnan laðað að

fjölda áheyrenda. Árið 2002 gáfu þeir út hljómdiskinn Trompetería og festist það nafn við þá. Þeir komu einnig fram á öðrum tónleikum auk þess sem þeim var boðið að taka þátt í tónlistarhátíðum erlendis.

Auk þess sem Listvinafélagið hefur staðið fyrir fjölbreyttu listalífi við kirkjuna og haldið alls 15 metnaðarfullar Kirkjulistahátíðir er vert að geta þess að það hefur ekki látið Menningarnótt í Reykjavík fram hjá sér fara og boðið upp á fjölbreyttan listflutning í tengslum við hana. Eftir að Hörður Áskelsson varð söngmálastjóri þjóðkirkjunnar árið 2005 beitti hann sér fyrir því að dagskrá Hallgrímskirkju á Menningarnótt yrði helguð sálminum og átti frumkvæði að kröftugri nýsköpun á sviði sálmagerðar. Sumarið 2007 var í fyrsta sinn skipulögð dagskrá undir yfirskriftinni Sálmafoss þar sem sálmar og sálmategnd tónlist var uppistaðan í samfelldri dagskrá frá klukkan 14 til 22. Við það tækifæri voru frumfluttir fjórir nýir sálmar sem Tónmenntasjóður kirkjunnar hafði pantað hjá átta skáldum og tónskáldum. Kórar og organistar skiptust á að flytja sálma og orgeltónlist og að leiða kirkjugesti í sálmasöng. Sálmafossinn fékk mjög góðar viðtökur og varð fastur liður á Menningarnótt. Árið 2009 voru frumfluttir sjö nýir sálmar og árið 2011 aðrir fimm.

Af framansögðu sést að Listvinafélag Hallgrímskirkju hefur verið vettvangur fyrir fjölbreytilega listsköpun þar sem oft hefur verið róið á ný mið.

Listvinafélagið og Jónaóratória Bachs

9.–10. desember 1995 í Hallgrímskirkju

Kantötur I–III

Flytjendur: Marta G. Halldórsdóttir S, Monica Groop A, Karl Heinz Brandt T, Tómas Tómasson B,
Mótettukór Hallgrímskirkju, kammersveit, stjórnandi: Hörður Áskelsson

29.–30. desember 1996 í Hallgrímskirkju

Kantötur I–III, V

Flytjendur: Þóra Einarsdóttir S, Rannveig Fríða Bragadóttir A, Gunnar Guðbjörnsson T, Loftur Erlingsson B,
Mótettukór Hallgrímskirkju, hljómsveit ungra hljóðfæraleikara, stjórnandi: Hörður Áskelsson

5.–7. desember 2002 í Hallgrímskirkju

Allt verkið, þrjár kantötur í senn

Flytjendur: Marta Guðrún Halldórsdóttir S, Monica Groop A, Gunnar Guðbjörnsson T, Andreas Schmidt B,
Mótettukór Hallgrímskirkju, Sinfóníuhljómsveit Íslands, stjórnandi: Hörður Áskelsson

11.–12. desember 2004 í Hallgrímskirkju

Kantötur I–III

Flytjendur: Elfa Margrét Ingvadóttir S, Guðrún Edda Gunnarsdóttir A, Eyjólfur Eyjólfsson T, Benedikt Ingólfsson B, Schola Cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag, stjórnandi: Hörður Áskelsson

10.–11. desember 2005 (tvennir tónleikar seinni daginn) í Hallgrímskirkju

Allt verkið, þrjár kantötur í senn

Flytjendur: Hulda Björk Garðarsdóttir S, Sesselja Kristjánsdóttir A, Eyjólfur Eyjólfsson T, Ágúst Ólafsson B, Schola Cantorum, Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag, stjórnandi: Hörður Áskelsson

29.–30. desember 2012 í Eldborg Hörpu

Allt verkið, fjórar kantötur í senn

Flytjendur: Herdís Anna Jónasdóttir S, Daniel Cabena A, Benedikt Kristjánsson T, Stephan MacLeod B,
Mótettukór Hallgrímskirkju, Alþjóðlega barokksveitin í Den Haag, stjórnandi: Hörður Áskelsson

28. nóvember 2021 í Eldborg Hörpu

Kantötur I–IV

Flytjendur: Herdís Anna Jónasdóttir S, Alex Potter A, Benjamin Glaubitz T, Jóhann Kristinsson B,
Mótettukórinn, Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík, stjórnandi: Hörður Áskelsson

Helstu erlendir tónlistarmenn sem komið hafa fram á vegum Listvinafélagsins:

Orgelleikarar

Jennifer Bate, Bine Katrine Bryndorf, Winfried Böinig, David Cassan, Douglas Cleveland, Isabelle Demers, Petr Eben, Hans-Ola Ericsson, Thierry Eschaich, Hans Fagius, Jean Guillou, François-Henri Houbart, Edgar Krapp, Olivier Latry, Jon Laukvik, James McVinnie, Hans Dieter Möller, Kåre Nordstoga, Daniel Roth, Almut Rössler, Johannes Skoog, Mattias Wager, Gillian Weir

Söngvarar

Nancy Argenta sópran, Robin Blaze kontratenór, David Erler kontratenór, Monica Groop mezzósópran, Anthony Rolfe Johnson tenór, Maria Keohane sópran, Peter Kooij baríton, Hannah Morrison sópran, Ian Partridge tenór, Alex Potter kontratenór, Andreas Schmidt baríton, Gerd Türk tenór

Aðrir

Stephen Burns trompet, Simon Carrington kórstjóri, Helmut Deutsch píanó, Roy Goodman stjórnandi, Graham Ross kórstjóri, Erik Westberg kórstjóri

Tónlistarhópar

The Alumni of Claire College Cambridge, Ensemble Masque, King's Men Cambridge, Kungliga Hovkapellet, Das Neue Orchester, Nordic Voices, Das Orchester Damals und Heute, Oslo Domkor, Oslo Sinfonietta, Raschèr Saxophone Quartet

Helstu stærri tónverk sem frumflutt hafa verið á tónleikum á vegum Listvinafélagsins:

Upprisan, páskaóratória eftir Þorkel Sigurbjörnsson (1987)
Hallgrímsspassía eftir Atla Heimi Sveinsson, hljómsveitargerð (1988)
Konsert fyrir orgel og hljómsveit eftir Hjálmar H. Ragnarsson (1997)
Passía op. 28 eftir Hafliða Hallgrímsson (2001)
Barn er oss fætt, jólaóratória eftir John Speight (2001)
Hallgrímsspassía eftir Sigurð Sævarsson (2007)
Cecilía eftir Áskel Másson (2009)
Jónaóratória eftir Sigurð Sævarsson (2012)
Mysterium op. 53 eftir Hafliða Hallgrímsson (2019)
Veni, Sancte Spiritus, kantata eftir Sigurð Sævarsson (2019)
The Gospel of Mary eftir Huga Guðmundsson (2022)

Formenn Listvinafélagsins:

Sigurbjörn Einarsson
Þór Jakobsson
Þóra Kristjánsdóttir
Kristján Valur Ingólfsson
Margrét Eggertsdóttir
Sigurður Sævarsson
Salvör Nordal
Rósa Gísladóttir
Alexandra Kjeld
Ágúst Ingi Ágústsson

Schola Cantorum

Sópran	Alt	Tenór	Bassi
Elfa Margrét Ingvadóttir Fjóla Kristín Nikulásdóttir Guðrún Matthildur Sigurbergsdóttir Ragnheiður Sara Grímsdóttir Rakel Edda Guðmundsdóttir	Halla Marinósdóttir Hildigunnur Einarsdóttir Jóhanna Ósk Valsdóttir Lilja Dögg Gunnarsdóttir	Björn Thorarensen Guðmundur Vignir Karlsson Helgi Steinar Helgason Þorkell Helgi Sigfússon Þorsteinn Freyr Sigurðsson	Benedikt Ingólfsson Bjarmi Hreinsson Björn Bjarnsteinsson Fjölur Ólafsson Örn Ýmir Arason



Mótettukórinn



SÓPRAN

Alís Heiðar
Anna Samúelsdóttir
Ásta Marý Stefánsdóttir
Diljá Þorkelsdóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Hólmgeirsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Halldís Ólafsdóttir
Ragnheiður Bjarnadóttir
Šárka Wohlmuthová
Sólveig Gísladóttir
Unnur Hjálmarsdóttir
Vilborg Magnúsdóttir

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Björg Sigurðardóttir
Elísa Guðrún Brynjólfsson
Fríða Sigríður Jóhannsdóttir
Guðrún Finnbjarnardóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Herdís Hergeirsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Hugrún Hólmgeirsdóttir
Jóhanna Elísa Skúladóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Ragnheiður Gylfadóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Bragi Árnason
Guðjón Böðvarsson
Hafsteinn Már Einarsson
Halldór Hauksson
Ingvar Jón Bates Gíslason
Karl Friðrik Hjaltason
Magnús Pétursson
Sigurjón Jóhannsson
Stefán Ólafsson

BASSI

Eðvarð Ingólfsson
Eric Heinen
Gunnar Örn Gunnarsson
Hrólfur Gestsson
Ingimar Eydal
Kjalar Martinsson Kollmar
Martin Kollmar
Snorri Sigurðsson
Sveinn Ingi Reynisson
Sigurjón Halldórsson
Stefán Eggertsson
Sæberg Sigurðsson

Alþjóðlega barokksveitin í Reykjavík

1. fiðla

Tuomo Suni konsertmeistari
Joanna Huszcza
Stephen Freeman
Felicia Graf
Guðbjartur Hákonarson

2. fiðla

Marika Holmqvist
Antína Hugosson
Laufey Jensdóttir
Gunnhildur Daðadóttir

Víóla

Guðrún Hrund Harðardóttir
Claire Fahy
Svava Bernharðsdóttir

Selló

Emily Robinson
Julien Hainsworth

Bassi

Christian Staude

Flauta

Georgia Browne
Magnea Árnadóttir

Óbó

Jasu Moiso
Diego Nadra
Gilberto Caserio
Lidewei De Sterck

Fagott

Lisa Goldberg

Trompet

Geerten Rooze
David Kjar
Ólafur Elliði Halldórsson

Pákur

Frank Aarnink

Orgel

Haru Kitamika

Semball

Halldór Bjarki Arnarson





LISTVINAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK

Hörður Áskelsson, listrænn stjórnandi
Ágúst Ingi Ágústsson formaður
Alexandra Kjeld
Benedikt Ingólfsson verkefnastjóri Schola Cantorum
Halldís Ólafsdóttir varaformaður Mótettukórsins
Halldór Hauksson
Margrét Bóasdóttir
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Rósa Gísladóttir
Inga Rós Ingólfssdóttir framkvæmdastjóri

HÖLDUM MINNINGUNNI Á LOFTI

Þó Listvinafélagið í Reykjavík muni ekki skipuleggja fleiri viðburði stefnir félagið á að vinna að útgáfu á hluta af því mikla efni sem til er á hljóð- og myndupptökum frá fjölmörgum glæsilegum tónleikum á vegum félagsins.

Einnig er stefnt á að skrá hina merku sögu Listvinafélagsins og er hugmyndin að sækja um styrki og safna fé, m.a. með árgjöldum listvina til að fjármagna þessar útgáfur og halda úti heimasíðu félagsins listvinafelag.is og kirkjulistahatid.is, þar sem finna má mikinn fróðleik um félagið og metnaðarfullt og fjölbreytt starf þess.

Öll framlög smá og stór eru vel þegin.

Listvinafélagið í Reykjavík:

Banki: 0526-26-0129

Kennitala: 420585-0129

Sérstakar þakkir: Reykjavíkurborg, Tónlistarsjóður, Styrktarsjóður Samtaka um tónlistarhús og Ruthar Hermanns, Hafsteinn Sv. Hafsteinsson, Harpa tónlistarhús, Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir, Svanhildur Konráðsdóttir, Ása Briem, Ásdís B. Kristjánsdóttir, Litróf–Guðjón Ó, Skálholtsdómkirkja, Jón Bjarnason, Pálmi Hilmarsson, Guðrún Hrund Harðardóttir, Tuomo Suni, Halldór Hauksson, Þorkell Helgason, Þýska sendiráðið, Clarissa Duvigneau sendiherra, Laugarneskirkja, Seltjarnarneskirkja, 12 Tónar, Blómagallerí, Efnalaugin Björg, Hraði–fatahreinsun, Húsasmiðjan, Kirkjuhúsið, Hljóðfærahúsið, Hnoss, Guðrún Finnbjarnardóttir, Gunnar Örn Gunnarsson, Sigrún Guðmundsdóttir, Helgi Steinar Helgason, Hildigunnur Einarsdóttir, Guðfinna Indriðadóttir, Snorri S. Birgisson, Gamla bíó, Guðvarður Gíslason, Úlfar Þórðarson, stjórn Listvinafélagsins.

J.S. Bach

Jólaóratórían

BWV 248, kantötur I–III og V

